



## Betri vinnutími og stytting vinnuvikunnar

Innleiðing betri vinnutíma og styttingu vinnuvikunnar er komin vel af stað hjá Reykjavíkurborg og verkefnið framundan er að útfæra styttinguna á öllum starfsstöðum borgarinnar.

Allt okkar líf þessi misserin er því marki sett að neyðarstig almannavarna er í gildi með hertum samkomutakmörkunum sem vissulega hafa áhrif á innleiðingu styttingar vinnuvikunnar. Í forgangi er að tryggja eins og hægt er að þjónusta borgarinnar haldist órofin á neyðarstigi. Mikilvægt er þó að halda áfram innleiðingarferli styttingar vinnuvikunnar eins og kostur er til að hægt sé að innleiða styttri vinnuviku hjá dagvinnustarfsfólki 1. janúar 2021.

**Vinnutímahópar** hafa verið skipaðir á starfsstöðum borgarinnar sem hafa m.a. það hlutverk að undirbúa verkefnið með upplýsingaöflun, kortlagningu og greiningu á hvar helstu tækifæri til umbóta liggja.

Á starfsstöðum dagvinnustarfsfólks byggir styttingin á [umbótasamtali](#) vinnutímahópa við starfsfólk um hvernig nýta megí vinnutímamann betur og á sama tíma skoða hvernig þurfi að aðlaga hlé að styttingu vinnuvikunnar. Mikilvægt er að **starfsfólk taki virkan þátt í umbótasamtölum** á starfsstöðum. Komi þannig fram með tillögur og hugmyndir að úrbótum, ræði og skoði verklag, vinnufyrirkomulag, hvar sóknarfæri liggja og hvernig hægt sé að gera hlutina með öðrum hætti og mögulega hugsa hlutina upp á nýtt.

Hertar samkomutakmarkanir gera sannarlega flóknara fyrir vinnutímahópa að taka umbótasamtöl á starfsstöðum og mikilvægt er að fara að leiðbeiningum sóttvarnaryfirvalda en um leið finna leiðir til að koma umbótasamtali við, hvort sem það er að taka þau með rafrænum hætti eða skipta starfshópum upp í minni hópa. Umbótasamtölin eru nú þegar hafin á mörgum starfsstöðum þar sem ýmsar leiðir hafa verið farnar. Miðað hafði verið við að umbótasamtölum yrði lokið nú um miðjan október en ljóst er vegna herta samkomutakmarkanna að tímalína innleiðingar er að hnikast til og lagt er upp með að **umbótasamtölum verði lokið 30. október og samráðsfundir starfsstaða verði í nóvember og kosningu um tillögur verði lokið um mánaðamótin nóv./des.**

Allar leiðbeiningar og fræðsluefni fyrir starfsfólk og stjórnendur er að finna á [reykjavik.is/betrivinnutimi](http://reykjavik.is/betrivinnutimi) og hvetjum við ykkur til að senda fyrirspurnir og spurningar sem vakna við framkvæmdina á netfangið [betrivinnutimi@reykjavik.is](mailto:betrivinnutimi@reykjavik.is)